

Framangreind ákvæði eru sett samkvæmt lögum nr. 24 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. júní 1962.

Bjarni Benediktsson.

Eliás Eliasson.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu um skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi
nr. 155 22. sept. 1942.

Við auglýsinguna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur umsækjandi um skeið starfað sem kandídat í einhverju eftirtalinna sjúkrahúsa: Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar, Fjórðungssjúkrahúsi Norðfjarðar, Kristneshæli, Vífilsstaðahæli, Sjúkrahúsi Vestmannaeyja, Sjúkrahúsi Keflavíkur eða Sjúkrahúsi Akraness, og leggur fram skilríki fyrir því, og stýttist þá skylduþjónustutími sá, sem tilskilinn er í fyrri málsgrein, um þann tíma, sem hann hefur unnið á fyrrgreindum stofnunum.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn og þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júlí 1962.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás Eliasson.

REGLUGERÐ

um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Hámarkshraði ökutækja á öllum vegum lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar er ákveðinn 45 km á klukkustund, með þeim undantekningum, er greinir í 2. gr.

2. gr.

Á eftirtöldum vegum má þó hámarkshraði vera 70 km á klukkustund:

- Flugvallarbraut frá aðalhliði flugvallarins að gatnamótum Víkingsgötu.
- Flugbraut „F“ frá Austurbraut að Alþjóðavegi.
- Grjótagata og Austurbraut frá NCO-klúbbum að Grænáshliði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. heimild í 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 1958, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi fallin auglýsing um hámarkshraða ökutækja á Keflavíkurlflugvelli nr. 89 frá 20. ágúst 1959.

Utánríkisráðuneytið, 2. júlí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá og með 1. júlí 1962 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 15. júní 1962.

Bjarni Benediktsson.

Elias Eliasson.

AUGLÝSING

um umferð í Seltjarnarneshreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 frá 2. maí 1958.

1. Bifreiðastöður.

Bifreiðastöður eru bannaðar við Tjarnarstíg og Lambastaðabraut frá gatnamótum við Tjarnarstíg.

2. Einstefnuakstur.

Bannaður er akstur bifreiða um Melabraut til vesturs og suðurs frá gatnamótum við ónefnda götu (A. götu).

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. júlí 1962.

Björn Sveinbjörnsson,
settur.